

**Sp. 117. Tillaga til þingsályktunar**

um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vélbátum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Eysteinn Jónsson, Pétur Ottesen, Finnur Jónsson, Bernharð Stefánsson, Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélbátum þeim, sem fluttir hafa verið til landsins eftir styrjöldina.

**Greinargerð.**

Allmargir vélbátar hafa verið fluttir til landsins eftir styrjöldina. Aðflutningsgjöld af bátum eru talsvert tilfinnanleg, og nú er svo ástatt, að margir þeirra, sem flutt hafa bátana inn, eiga fullt í fangi með að standa undir stofnkostnaði.

Aðflutningsgjald af bátum er sennilega í öndverðu sett til þess að veita íslenskum bátasmíðum nokkra vernd. Undanfarið hafa íslenskar bátasmíðastöðvar alls ekki getað með nokkru móti tekið að sér smíði allra þeirra báta, sem keyptir hafa verið. Það virðist því óeðlilegt, að þeir, sem keypt hafa báta frá öðrum löndum, greiði sérskatt af bátum þessum.

Ef til vill er ekki búið að innheimta aðflutningsgjöld af öllum innfluttum bátum, og sé svo, þá er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að fallið verði frá innheimtunni.